UMHVERFIS
STOFNUN

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2022
UST202202-132/B.S.
10.05.05

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - jarðhiti - Þorlákshöfn og Ölfusveita. Umsögn**

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.
Sótt er um leyfi til nýtingar á jarðhita frá tveimur svæðum, annars vegar Bakka og hins vegar Fiskalóni. Aukin vatnsnotkun er tilkomin vegna fyrirætlana um fiskeldi við Þorlákshöfn sem og fólksfjölgun á svæðinu. Líklegast þarf að bora nýjar holur á báðum svæðum til að standa undir aukinni nýtingu.
Talið er að með úrbótum megi nýta núverandi dreifikerfi en hugmyndir eru um að tengja saman veitusvæðin á Bakka og Fiskalóni og jafnvel bæta við lögn frá Bakka.
Hér er að ræða aukna nýtingu þar sem bæði holur og dreifikerfi eru til staðar. Ef boraðar verða nýjar holur virðist vera gert ráð fyrir að þær verði boraðar á núverandi nýtingarsvæðum. Aðrar framkvæmdir munu felast í endurbótum og eða stækkun á núverandi mannvirkjum og áhrifin því að mestu þegar komin fram.
Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
***sérfræðingur***

Agnes Þorkelsdóttir
***sérfræðingur***